

**Fundur í skólaráði skólaárið 2017-2018. Fundurinn var fimmtudaginn 2. Nóvember kl 16:15 í skólanum. Á dagskrá er:**

Þeir sem sátu fundinn voru: Birgir, Eva Dröfn, Peta, Ragnar, Friðrik, Benedikta og Henný. Pál vantaði á fundinn.

**1. Hlutverk skólaráðs.**

Farið var yfir Handbók Skólaráðs.

**2. Skóladagatal – Breytingar?**

Rætt um að færa einn vetrarfrísdag frá mánudegi yfir á miðvikudag fyrir sumardaginn fyrsta. Það var samþykkt af skólaráði.

**3. Breytingar í haust.**

Breytingarnar á sundinu rætt og ýmis sjónarhorn varðandi þá breytingu. Einnig var rætt um breytinguna sem var gerð á kennslutímunum og hljóðeinangrunina sem búið er að setja upp í skólanum, mikil ánægja með það. Nýtt gras var sett á gervigrasvöllinn, talað um að mikill sandur sé á honum en engu að síður mikil ánægja með það.

**4. Skólanámskrá + Starfsáætlun.**

Birgir skólastjóri er að uppfæra starfsáætlunina. Skólanámskráin í góðu standi.

**5. Fundahald og framhald.**

Ákveðið var að hafa fundi einu sinni í mánuði, fyrsta miðvikudag í mánuði. Næsti fundur verður því miðvikudaginn 6. desember 2017. Þá á að setja upp starfsáætlun fyrir jan-maí 2018.

**6. Innra mat.**

Birgir skólastjóri ætlar að koma upp starfshóp fyrir innra mat, þar verða fulltrúar allra hópa, t.d.kennara, foreldra o.s.frv.

**7. Önnur mál.**

Fulltrúa í skólaráð vantar fyrir grenndarsamfélag. Nokkrar uppástungur komu varðandi fólk til að fylla það skarð. Mögulega einhvern sem er í Björgunarsveitinni. Birgir fer í að finna fulltrúa.

Nýr formaður skólaráðs tekur við fráfarandi formanni og er nú Friðrik Þorvaldsson. Einnig er nýr ritari sem er Eva Dröfn Sævarsdóttir.

Veip málin rædd mikið og allir sammála um að það þarf að halda áfram forvarnarstarfi um veipur. Mögulega að fá einhvern til að koma og halda fyrirlestur um þessi mál sem allra allra fyrst.

Fundi slitið kl. 17:30.